

ÍÞRÓTTAFRÉTTIR MORGUNBLAÐSINS

# Liverpool-liðið lék sér að KR eins og köttur að mús

## Vann með 5-0 — KR átti ekkert skot á mark allan fyrri hálfleik en 3 í þeim síðari

TÍU þúsund manns sáu Liverpool-liðið sigra KR í gærkvöldi með 5-0 og hafi ekki allir sannfærzt um að það þarf tvö lið til þess að leika góðan knattspyrnuleik, þá er ekki hægt að sannfæra fólk. Liverpool-liðið hafði svo mikla yfirburði, að það var aldrei um kapp-leik að ræða í þeim skilningi, sem venjulega er lagður í það orð — keppnin stóð fyrst og fremst um það hvenær og hvort Liverpoolmönnum tækist að komast framhá þeim 10 KR-ingum, sem fylktu sér innan vítateigs KR. Og þetta tókst Liverpool-liðinu ekki nema einu sinni í fyrri hálfleik.

Varnartaktikinni héldu KR-ingar ekki eins vel í síðari hálfleik. Þá sleppti Liverpool „göngu-hraðanum“ sem verið hafði á leiknum, dreifðu spilin meir og KR-ingar megnuðu ekki að standa á móti sem fyrr.

Yfirburðir Liverpool voru slíkir að hefði KR ekki leikið með 3 miðverði, dregið innherjana aftur í framvarðastöður og útherjana til aðstoðar við bakverðina til að hafa truflandi áhrif á tilraunir Liverpool til að skora, hefði Liverpool vel getað unnið með 15-0.

KR gat enga mótspyrnu veitt — nema að trufla inni í sínum vítateig. Liverpool réð öllum gangi leiksins — vann hvert einasta návigi — farið var kringum KR-inga fram og aftur, leikið sér að vild. Allt tókst nema ekki að skora — og það var alls ekki að sjá að þetta atvinnulið legði sig fram um það.

Leikurinn var leiðinlegur á köflum í fyrri hálfleik vegna leik-aðferðar KR. Það má telja varnaraðferð þeirra rétta til að verjast markasúpu, en með varnartaktikinni spilltu þeir skemmtuninni fyrir 10 þúsund áhorfendum.

● 1-0 Í HÁLFLEIK

Það voru ekki liðnar nema 2 mín er KR sótti knöttinn í netið. Hunt innherji undirbjó vel, lék á tvo varnarmenn og gaf þvert fyrir markið yfir til vinstri. Chisnall miðherji lék þar að endamörkum vippaði fyrir markið og Wallace innherji (vinstri) afgreiddi auðveldlega.

Þetta var eina mark hálfleiks ins. En síðan sóttu Liverpool-menn allan tímann, höfðu leikinn í hendi sér, snargöbбуðu bak verði og framverði, en fyrir marki KR var eins og skógur af fótleggjum og erfitt að finna

leiðina í mark — og Liverpool liðið beitti sér aldrei af hörku í þeim tilgangi, heldur þvert á móti, og má segja að sjaldgæft sé að enskt atvinnulið taki svo létt á hlutunum.

Í fyrri hálfleik kom Lawrence markvörður aðeins 3 eða 4 sinn um við knöttinn og í öll skiptin var það er félagar hans sendu knöttinn til baka til að hann hæfi nýja sókn. KR átti ekkert skot á mark í fyrri hálfleik.

● HRAÐINN EYKST

Á 1. mín í síðari hálfleik kom næsta mark. Wallace var í skot-

til Hunt — og þarna sást bregða fyrir þeim góðu tilburðum sem gert hafa hann að markhæsta manni í ensku deildarkeppninni. Hann var ekki seinn að átta sig og áður en KR-ingar fengu eygt knöttinn lá hann í netinu.

Það vakti athygli að í leikhléi hafði andvarinn sem KR lék undan í fyrri hálfleik snúið sér og enn lék KR undan gólunni — en lítt hjálpaði það.

● TÆKIFÆRI KR

Á 7. mín fékk KR bezta mark tækifæri sitt í leiknum. Gunnar Guðmannsson gaf vel fyrir frá hægri horni og Ellert hafði betur í skallaevingi við hinn sterk vaxna Yeats fyrirliða. Knötturinn stefndi af höfði Ellerts í markhornið upp. Lawrence markvörður hafði ekki möguleika til varnar, en Moran bakvörður var á réttum stað og fékk bjargað á marklinunni.

● BREYTT AÐFERÐ

En nú höfðu Liverpool-menn sýnilega fengið skipanir um að ganga betur til verks og þeir tóku að greiða úr flækjunni. Þeir pressuðu ekki eins mikið að marki KR og áður — en drógu KR-ingana fram og leit-uðu síðan upp kantana og það var ekki lengi að gefa ávöxt.

Á 12. mín sækja þeir upp hægri kant. Callaghan útherji lék á Bjarna út við hornveifu og miðjaði vel. Knötturinn fór fram hjá marki og út. Þar hljóp að Chisnall miðherji og sendi knöttinn með þrumuskoti í markið.

Sex mín síðar (18. mín) endur tekur Callaghan bragðið á hægri kanti og miðjar vel. Hörður reyndi að verjast með því að skalla frá, en knötturinn sveif yfir höfuð hans og lenti á næsta höfði þar sem honum var ætlað að lenda. Þar var fyrir Wallace innherji og skallaði óverjandi í mark af 6-8 m færi.

Tveir ljósir punktar komu síðan fyrir hjá KR. Gísli markvörður varði mjög vel skot frá Stevenson framverði og litlu síð ar kom annað tveggja marktæki færa KR-inga, Gunnar Felixsson

Framhald á bls. 23.



Annað markið. Hunt (ber utan við stöng) hefur skorað þó margir séu til varnar. Gísli markvörður fær lítið að gert. — Myndir Sveinn Þorm.

## “Það er KR að kenna, ef ég fæ kvef”

sagði Lawrence markvörður

ÞAÐ ríkti svona svipað andrúmsloft eins og eftir léttu æfingu í búningsherbergi Liverpool að leik loknum. Við náðum tali af nokkrum leikmanna, áður en þeir fóru í baðið.

Markvörðurinn, Lawrence, hár og myndarlegur maður, brosti glaðlega og kvað langt síðan hann hefði haft svona lítið að gera, en bætti við, að það kæmi þó stundum fyrir á móti sterkari liðum, að félagar sínir í framlínunni yljudu hinum markverðinum.

„En jafn áreynslulítið og við lékum í kvöld, verð ég að segja, að það er Framherjum K.R. að kenna, ef ég kvefast. Mér fannst veðrið alveg dásamlegt, en hrollkalt, þegar sólarinnar naut ekki lengur.“

Bakvörðurinn Moran stóð hjá okkur og tók undir það, að kalt hafi verið undir lokin, en sagðist þó sízt hafa ástæðu til að kvarta, þar sem hann hafi haft bezta mann

K.R. á móti sér (Gunnar Guðmannsson).

— Það kemur ekki oft fyrir að bakverðir skori mörk, en mér sýndist þér hafa fullan hug á því í eitt skipti.

Já, vissulega langar okkur líka til að skora, og í kvöld gafst mér klassískt tækifæri upp úr aukaspyrnu fyrir framan vítateig K.R., en skot mitt komst aldrei alla leið, heldur lenti í einum hinna mörgu varnarmanna, sem fyrir voru.

Aðalforstjóri og framkvæmdastjóri Liverpool B. Shankley vildi sem minnst um leikinn tala, engan dóm leggja á leikmenn K.R. og kvaðst eftir atvikum ánægður með úrslitin. Vissulega hefur þetta neikvæð áhrif á aðsóknina í Liverpool, og strax verið betra, ef K.R. hefði tekist að skora eitt mark.

— Ég vil ekki láta hjá þið

að hrósa velliðum ykkar og öllum aðbúnaði. Það þarf sannarlega ekki að vorkenna knattspyrnumönnum ykkar við slíkar aðstæður.

Það var heldur dauft yfir KR-ingum en sýnilegt að þeir voru fegnir að eldrauninni var lokið — í billi.

Gísli Þorkelsson markvörður taldi KR-liðið óheppið með tvö fyrstu mörkin. — Ég hélt þeir mundu skjóta meira í stað þess að reyna svona stanzlaust að spila inn í mark. Taugarnar voru ekkert slappar í leiknum — en dálítið óstyrkar áður en hann hófst enda fékk ég ekki að vita fyrir en kl. 7 að ég ætti að leika og var þá nýkominn úr sumarfríi.

Ellert Schram sagði. — Þetta var eins og ég bjóst við. Þeir spiluðu án efa af fullum krafti. Ég sagði fyrirfram að allt undir 6 mörkum væri hálf gerður sigur fyrir okkur. Sigur þeirra var ekki of stór en sum mörkin fengu þeir ódýrt.

— Þú varst nálægt því að skora. — Já það var spennandi augnablik að biða og sjá hvort knötturinn færi í markið, en þá bjargaði bakvörðurinn á síðustu mínútu.



Gísli ver og Hreiðar er til tak s. Wallace sér tækifærið ganga úr greiðum.